



Stjórnarfundur í Þyt 6 maí 2018

Mættir: Gunnar Geir Halldórsson, Árni Geir Þórmarrsson, Árni Þór Hilmarsson, Sindri Þór Hannesson og Karitas Guðmundsdóttir.

1. Gjaldkeri ræddi útistandandi gjöld vegna geymslu báta.
 2. Þjálfaramál. Enginn þjálfari hefur fengist ennþá. Formaður hefur reynt að ná í formann SÍL en án árangurs. Meðan á fundi stóð hringdi formaður SÍL og formaður ræddi málið við hann.
 3. Gjaldkeri greindi frá að drög að uppgjöri á gjöldum báta hafi verið sent stjórnarmönnum.
 4. Gjaldkeri lagði fram tillögu um að 10% af æfingargjöldum verði varið til að greiða launauppbót starfsmanns. Formaður greindi frá að slíkt fyrirkomulag hafi stundum verið viðhaft. Gjaldkeri fylgdi tillögunni eftir með rökstuðningi. Samþykkt var að útfæra tillögu gjaldkera. Sindri Þór Hannesson tók ekki þátt í afgreiðslu tillögunnar.
 5. Farmaður greindi frá fundi sem hann átti með varaformanni Þyts og Íþróttafulltrúa. Niðurstaða þess fundar var að Þyt væri heimilt að kaupa 3 Optimist báta sem baktryggt væri með styrkveitingu. Á fundinum var einnig ræddur möguleiki á 10 ára samstarfssamningi Hafnarfjarðarbæar og Þyts.
 6. Bátakaup. Samþykkt var að kaupa 6 Optimist báta fyrir starf kænudeildar. Gjaldkera og varaformanni falið að ljúka framkvæmd málsins.
 7. Formaður ræddi kaup á böndum fyrir báta félagsins. Eftir rökstuðning formanns var ákveðið að kaupa eina rúllu af hverri stærð banda af hverjum sverleika 3 til 8 mm. Einnig að kaupa skurðhníf.
 8. Formaður tilkynnti að Akranes hefði tekið að sér æfingabúðirnar í sumar.
 9. Formaður greindi frá að krani hefði lokið að raða grjóti við ramp og að búið væri að vinna hluta af völtun undirlags viðótar við rampinn.
 10. Formaður leggur til að við hjálmavæðum barnastarfið. Málið rætt og samþykkt að stefna að þessu mikilvæga öryggisatriði.
 11. Formaður greindi frá að það vantaði rennihurðar fyrir böð. Með slíkum hurðum væri auðveldara að dæla gufunni úr böðunum. Samþykkt að kanna efniskostnað.
- Ekki fleira gert og fundi slitið.

Siglingaklúbburinn Þytur stofnaður 19. apríl 1975